



SKIPHOLTI 50D • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 580 6800 • FAX 580 6801

SÆVAR Þ. SIGURGEIRSSON • KRISTINN SIGTRYGGSSON  
LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

Neyðarlínan ohf

Ársreikningur  
2016

## Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla stjórnar.....	1
Áritun endurskoðanda.....	2 - 3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar og sundurliðanir .....	8 - 13

Neyðarlínan ohf  
Kennitala 511095-2559  
Skógarhlíð 14, 101 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

Síða 1

Ársreikningur félagsins er í meginatriðum gerður eftir almennt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum.

Hlutafélagið Neyðarlínan ohf var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samrænda neyðarnúmerins 112, almenn svörum neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptabjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkuþyrtaeki og fleiri.

Tap félagsins árið 2016 nam kr. 3.073.419, eignir í árslok kr. 468.105.350 og eigið fé í árslok kr. 155.318.267 og eiginfjárlutfall um 33,2%.

Í upphafi og lok árs voru hluthafar fjórir talsins og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður.....	14.000.000	74%
Reykjavíkurborg.....	2.000.000	10%
Landsvirkjun.....	1.500.000	8%
Orkuveita Reykjavíkur.....	1.500.000	8%
	<u>19.000.000</u>	<u>100%</u>

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2017, en víesar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.


Reykjavík, 22.2.2017

í stjórn

  
Pórhallur Arason  
stjórnarformaður

  
Kristbjörg Stephensen

  
Ingilín Kristmannsdóttir

  
Sveinn Magnússon

Framkvæmdastjóri

  
Pórhallur Ólafsson

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Neyðarlínunni ohf. í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarfhæfi Neyðarlínunnar ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægilegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ávarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlitsfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórmenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins á áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áirtun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar,

Reykjavík, *23/3* 2017

**Endurskoðendaþjónustan ehf**

Sævar Þ. Sigurgeirsson  
löggiltur endurskoðandi

Hinrik Gunnarsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2016

Síða 4

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta og aðrar tekjur.....		1.241.040.688	1.110.744.725
		<u>1.241.040.688</u>	<u>1.110.744.725</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		331.269.713	283.286.449
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar.....		674.956.907	589.347.434
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		45.422.500	45.917.041
Rekstur húsnæðis.....		83.768.666	82.002.045
Rekstur varðstofu.....		80.604.448	82.039.427
Rekstur bifreiða.....		23.073.903	19.405.978
Afskriftir ársins.....	6	<u>19.283.506</u>	<u>17.706.555</u>
		<u>1.258.379.643</u>	<u>1.119.704.929</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		(17.338.955)	(8.960.204)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Fjármunatekjur.....	4	1.617.779	1.101.444
Fjármagnskostnaður.....	4	(1.134.681)	(1.241.380)
Hluti í afkomu hlutdeildarfélags.....		<u>13.782.438</u>	<u>6.124.820</u>
		<u><b>14.265.536</b></u>	<u><b>5.984.884</b></u>
Hagnaður fyrir skatta.....		(3.073.419)	(2.975.320)
Tekjuskattur.....		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins.....</b>		<b>(3.073.419)</b>	<b>(2.975.320)</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2016**

Síða 5

**Eignir:**

	Skýr.	2016	2015
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		37.632.823	80.928.780
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals</b>	<b>6</b>	<b>37.632.823</b>	<b>80.928.780</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignahlutur i hlutdeildarfélagi.....	7	172.353.507	158.571.069
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur samtals</b>		<b>172.353.507</b>	<b>158.571.069</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>209.986.330</b>	<b>239.499.849</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir.....		43.081.535	16.842.871
Viðskiptakröfur.....	8	141.959.682	77.990.070
Aðrar skammtímakröfur.....	9	486.364	2.591.413
Virðisaukaskattur, inneign.....		33.630.346	0
Handbært fé.....		38.961.093	861.270
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>258.119.020</b>	<b>98.285.624</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>468.105.350</b>	<b>337.785.473</b>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Síða 6

**Eigið fé og skuldir:**

	Skýr.	2016	2015
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....	10	19.000.000	19.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár.....	10	89.914.713	89.914.713
Óráðstafað eigið fé.....	10	46.403.554	49.476.966
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>155.318.267</b>	<b>158.391.679</b>

**Skammtímaskuldir:**

Skuldir við lánastofnanir.....	0	32.157.871
Viðskiptaskuldir.....	198.907.892	77.333.777
Öryggisfjarskipti ehf.....	77.282.599	26.322.754
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	0	6.599.606
Ógreidd laun og tengd gjöld.....	36.596.592	36.979.786
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>312.787.083</b>	<b>179.393.794</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>312.787.083</b>	<b>179.393.794</b>

**Eigið fé og skuldir samtals** 468.105.350 337.785.473

**Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016**

Síða 7

<b>Uppruni handbærs fjár:</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Frá rekstri :			
Hagnaður (tap) ársins .....		(17.338.955)	(8.960.204)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Afskriftir.....		<b>19.283.506</b>	<b>17.706.555</b>
Söluhagnaður fastafjármuna.....		(2.488.910)	(813.333)
Veltufé frá rekstri		<b>(544.359)</b>	<b>7.933.018</b>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		(95.494.909)	(22.795.769)
Skammtímaskuldир, hækkun (lækkun) .....		<b>82.433.444</b>	<b>12.036.165</b>
Birgðir, lækkun (hækkun).....		(26.238.664)	<b>12.748.130</b>
		<b>(39.300.129)</b>	<b>1.988.526</b>
Innborgaðir vextir.....		<b>1.617.779</b>	<b>1.101.444</b>
Greiddir vextir.....		(1.134.681)	(1.241.380)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>(39.361.390)</b>	<b>9.781.608</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....		(28.649.189)	(8.876.361)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....		<b>55.150.557</b>	<b>1.400.000</b>
Hlutafé í Öryggisfjarskiptum ehf.....		0	(65.000.000)
Hækkun á láni frá Öryggisfjarskiptum ehf.....		<b>50.959.845</b>	<b>57.177.573</b>
		<b>77.461.213</b>	<b>(15.298.788)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		38.099.823	(5.517.180)
Handbært fé í byrjun árs.....		861.270	6.378.450
<b>Handbært fé í árslok.</b>		<b>38.961.093</b>	<b>861.270</b>

## 1 Starfsemi:

Neyðarlínan ohf er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmerins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðva er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsímvörum. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við samning og lög nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga og gildir samningur þar um til ársloka 2020.

## 2 Reikningsskilaaðferðir:

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Neyðarlínunnar ohf fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í íslenskum krónum.

### Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna, nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagð gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisviðskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félagini.

**Skráning tekna**

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið stofnað. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viökomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

**Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

**Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eiginni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignaréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnumunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

**Virðisrýrnun**

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu viðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða)

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárfreyimi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnum slíkrar eignar að teknu tillit til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárfkapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárfkapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

**Birgðir**

Birgðir endursöluvara og rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýmunar.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Viðskiptaskuldir**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**3 Laun og tengd gjöld:**

	2016	2015
Laun.....	251.925.977	217.985.418
Tengd gjöld.....	79.343.736	65.301.031
	<hr/> 331.269.713	<hr/> 283.286.449
Meðalföldi starfa.....	32	33
Laun stjórnar og stjórnenda.....	35.117.316	32.455.537

**4 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):**

	2016	2015
Vaxtatekjur.....	1.695.918	884.035
Vaxtagjöld.....	(1.134.681)	(1.241.380)
Gengismunur og verðbætur.....	(78.139)	217.409
	<hr/> 483.098	<hr/> (139.936)

## 5 Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirlægðar ónotaðs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2016 var 47,5 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að tapið myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Má í síðasta lagi draga frá rekstrarahagnaði ársins 2022.....	24.131.057
Má í síðasta lagi draga frá rekstrarahagnaði ársins 2024.....	3.561.670
Má í síðasta lagi draga frá rekstrarahagnaði ársins 2025.....	19.881.665
	<u>47.574.392</u>

Tekjuskattsinneign er ekki færð í ársreikninginn en hún var um 6,6 milj. kr. í árslok 2016.

## 6 Varanlegir rekstrarfjármunir:

	Tækjahús, möstur og stoðbúnaður	Vélar- og búnaður	Bifreiðar og önnur ökut.	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun.....	88.233.532	22.355.110	42.128.656	51.433.156	204.150.454
Eignfært á árinu.....	0	0	28.649.189	0	28.649.189
Selt á árinu og lok líftíma.....	(88.233.532)	(14.320.861)	(9.376.362)	(51.433.156)	(163.363.911)
Staða 31.12.2016.....	0	8.034.249	61.401.483	0	69.435.732
<b>Afskriftir</b>					
Afskrifað 01.01.2016.....	38.682.982	19.976.920	19.661.483	44.900.289	123.221.674
Afskrifað á árinu.....	0	1.467.859	11.447.298	6.368.349	19.283.506
Fært út vegna sölu eða loka líftíma.....	(38.682.982)	(14.485.379)	(6.265.272)	(51.268.638)	(110.702.271)
Afskrifað samtals.....	0	6.959.400	24.843.509	0	31.802.909
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun.....	49.550.550	2.378.190	22.467.173	6.532.867	80.928.780
Bókfært verð 31.12.2016.....	0	1.074.849	36.557.974	0	37.632.823

## 7 Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Öryggisfjarskipti ehf.....	25%	165.000.000	Öryggis- fjarskiptaþjónustu
<b>Afkoma (25%)</b>			
	<b>2016</b>	<b>2015</b>	
Öryggisfjarskipti ehf.....	13.728.437	6.124.820	
<b>Eigið fé (25%)</b>			
	<b>2016</b>	<b>2015</b>	
Öryggisfjarskipti ehf.....	173.355.734	159.573.296	

## 8 Viðskiptakröfur:

Innlendar viðskiptakröfur.....	31.12.2015	31.12.2015
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	142.797.682	78.828.070
	(838.000)	(838.000)
	141.959.682	77.990.070

**9 Aðrar skammtímakröfur:**

	31.12.2016	31.12.2015
Fjármagnstekjuskattur.....	323.880	105.303
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	162.484	2.486.110
	<u>486.364</u>	<u>2.591.413</u>

**10 Eigið fé:**

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.2016.....	19.000.000	89.914.713	49.476.973	158.391.686
Hagnaður(tap) ársins.....	0	0	(3.073.419)	(3.073.419)
Eigið fé 31.12.2016.....	<u>19.000.000</u>	<u>89.914.713</u>	<u>46.403.554</u>	<u>155.318.267</u>

**11 Tengdir aðilar:**

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2016:

	Seld þjónusta	Leigu-greiðslur	Vaxta-tekjur	Skuld
Öryggisfjarskipti ehf.....	24.000.000	257.846.060	0	77.282.599

Viðskipti við tengd félög árið 2015:

Öryggisfjarskipti ehf.....	16.800.000	180.600.000	0	26.322.754
----------------------------	------------	-------------	---	------------

Auk framangreindra viðskipta er stór hluti tekna frá opinberum aðilum.

**12 Ábyrgðir:**

Félagið er í ábyrgð fyrir láni sem Öryggisfjarskipti ehf yfirtóku við kaup á búnaði vaktstöðvar siglinga. Eftirstöðvar lánsins nema 195,9 milljónum króna í árslok 2016.

## 13 Kennitölur:

		2016	2015	2014
<b>Arðsemi</b>				
a) Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA).....		1.944.551	8.746.351	9.120.108
b) Framlegðarhlutfall rekstar.....		0,16%	0,79%	0,85%
c) Hagnaðarhlutfall.....		-0,25%	-0,27%	-0,78%
d) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)....		-0,16	-0,16	-0,44
d) Arðsemi eigin fjár.....		-1,98%	-1,86%	-5,04%
		<u>1.944.551</u>	<u>8.746.351</u>	<u>9.120.108</u>

**Greiðsluhæfi**

e) Veltufjárhlfall.....		-0,82	0,55	0,88
e) Veltufjárhlfall er veltufjármunir/skammtímaskuldur				

## 14 Sjóöstreymsfirlit:

	2016	2015	2014	2013	2012
Hagnaður (tap) ársins.....	(3.073.419)	(2.975.320)	(8.378.899)	13.086.333	(6.728.825)
Afskriftir.....	<b>19.283.506</b>	<b>17.706.555</b>	<b>16.458.531</b>	<b>52.340.656</b>	<b>51.071.864</b>
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	(16.271.348)	(6.938.153)	(253.538)	12.459.113	2.647.187
Hreint veltufé frá rekstri.....	<u>(61.261)</u>	<u>7.793.082</u>	<u>7.826.094</u>	<u>77.886.102</u>	<u>46.990.226</u>
<b>Breyting á:</b>					
Rekstrartengdum eignum.....	(121.733.573)	(10.047.639)	3.764.991	(6.346.181)	(13.828.106)
Rekstrartengdum skuldum.....	<b>82.433.444</b>	<b>12.036.165</b>	<b>16.787.471</b>	<b>6.137.279</b>	<b>(8.783.983)</b>
	<u>(39.361.390)</u>	<u>9.781.608</u>	<u>28.378.556</u>	<u>77.677.200</u>	<u>24.378.137</u>